

Priðjudaginn 24. janúar 1995.

Nr. 16/1995.

Þorsteinn Einarsson

gegn

Jóni Bjarnasyni

Kærumál. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 4. janúar 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. janúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 21. desember 1994, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um innsetningargerð hjá varnaraðila. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og kröfur sínar fyrir héraðsdómi teknar að fullu til greina. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en um málskostnað, sem hann krefst, að sóknaraðila verði gert að greiða sér í héraði auk kærumálskostnaðar.

Eins og greint er frá í hinum kærða úrskurði, hefur varnaraðili vefengt, að sóknaraðili eigi það timbur, sem hann krefst umráða yfir með innsetningargerð. Kveðst varnaraðili eiga timbrið að einhverju leyti sjálfur, en að öðru leyti telur hann það hafa verið í eigu Verks hf., sem hafi tekið að sér framkvæmdir við hús hans. Bú þess félags mun hafa verið tekið til gjaldprotaskipta. Gegn þessum andmælum varnaraðila verður ekki talið, að sóknaraðili hafi stutt tilkall sitt til timbursins nægilegum gögnum, til að innsetningargerð geti náð fram að ganga.

Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa í vörslum sínum rafmagnstöflu og vinnuljós, sem tilheyri honum ekki og hafi verið tengd við raflögn í húsi hans fyrir atbeina Verks hf. Varnaraðili heldur fram, að gagnstætt samningum sínum við Verk hf. hafi hann þurft að bera kostnað af tengingu töflunnar og ljósanna, og telur hann sér heimilt að neita að afhenda þessa muni nema gegn endurgreiðslu kostnað-

arins. Ekki verður talið, að þessi atvik hafi verið leidd nægilega í ljós fyrir dómi, til þess að innsetningargerð geti náð fram að ganga í þessum munum.

Aðra muni, sem sóknaraðili krefst innsetningargerðar til að fá umráð yfir, kannast varnaraðili ekki við að hafa í vörslum sínum. Slík neitun út af fyrir sig getur að vísu ekki staðið því í vegi, að innsetningargerð verði heimiluð, enda má kanna við framkvæmd gerðar, hvort hún sé réttmæt. Sóknaraðili hefur á hinn bóginn ekki fært nein þau rök fyrir því, að munir þessir séu í vörslum varnaraðila, til að á þetta verði reynt með innsetningargerð.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að fullnægt sé skilyrðum 1. mgr. 78. gr. laga nr. 90/1989 til að taka að neinu leyti til greina kröfu sóknaraðila um innsetningargerð hjá varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur, þar á meðal um málskostnað, enda kærði varnaraðili ekki fyrir sitt leyti til breytinga á ákvæðum úrskurðarins um hann.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Þorsteinn Einarsson, greiði varnaraðila, Jóni Bjarnasyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1994.

Mál þetta, er þingfest var 30. nóvember sl., var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 16. desember sl.

Gerðarbeiðandi er Þorsteinn H. Einarsson, kt. 230555-4439, Kleppsvegi 130, Reykjavík.

Gerðarþoli er Jón Bjarnason, kt. 111020-3889, Bergstaðastræti 44, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að sér verði heimilað að taka timbur og ýmis handverkfæri, sem eru í vörslum gerðarþola á lóð og við húsnaði hans að Bergstaðastræti 44. Nánar tiltekið kveður gerðarbeiðandi vera um að ræða rafmagnstöflu af gerðinni EL-Björn, ljóskastara, blikknagara af gerðinni Metabo, Bosch-borvél, handverkfæri, þ. m. t. nokkrar þvingur og tvær blikklippur, ca. 5-600 metra af 2" × 4" byggingatimbri og

ca. 2- 2500 metra af 1" byggingatimbri. Þá krefst hann málskostnaðar og að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Gerðarþoli krefst þess, að beiðni gerðarbeiðanda verði hafnað og hann og lögmaður hans óskipt úrskurðaðir til að greiða sér málskostnað.

Gerðarbeiðandi lýsir málavöxtum á þá leið, að hann hafi 4. janúar 1993 tekið að sér að byggja ofan á hús gerðarþola, og hafi þá orðið samkomulag þeirra á milli um, að hann lánaði gerðarþola timbur í vinnupalla. Áður en gerðarbeiðandi hafi lokið verkinu, hafi hann og gerðarþoli orðið ósáttir og gerðarþoli samið við Magnús Ingimundarson byggingameistara um, að hann lyki verkinu. Hafi þetta verið gert í fullu samráði við gerðarbeiðanda, sem lánaði Magnúsi ýmis verkfæri svo og það timbur, er hann hafði komið með á staðinn. Viðskiptum gerðarbeiðanda og Magnúsar hafi hins vegar lokið með þeim hætti, að gerðarbeiðandi óskaði ekki eftir frekari þjónustu Magnúsar. Magnús hafi þá viljað taka verkfærin og timbrið, en gerðarþoli neitað því og tjáð honum, að þau væru sín eign, en ekki gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi byggir á því, að hann sé eigandi framangreindra hluta, og þar eð gerðarþoli neiti að afhenda, sé honum nauðsynlegt að fá þá afhenta með aðfarargerð og vísar máli sínu til stuðnings til 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Gerðarþoli heldur því fram, að gerðarbeiðandi eigi ekki aðild að málinu. Gerðarþoli kveðst á sínum tíma hafa samið við hlutafélag um framkvæmdir á húsi sínu, en gerðarbeiðandi hafi veitt því forstöðu. Hlutafélagið, sem hét Verk hf. og er nú gjaldþrota, hafi að miklu leyti lánað sér timbur í verk-palla, en ekki gerðarbeiðandi. Það var þó ekki nægjanlegt í pallana, og kveðst því gerðarþoli hafa fengið það að láni, sem á vantaði, og einnig það, sem þurft hafi til að bæta það, sem skemmdist, meðan á framkvæmdum hafi staðið. Gerðarþoli kveður sér fljótlega hafa orðið ljóst, að hlutafélagið hafi ekki ráðið við verkið, og því reynt að tryggja sér, að hann hefði pallana áfram við húsið, þegar það hefði gefist upp á verkinu. Hafi orðið að samkomulagi, að hann eignaðist pallaefni hlutafélagsins, en það hafi flutt á brott það, sem ónothæft hafi verið. Jafnframt þessu kveðst gerðarþoli hafa látið hlutafélagið hafa nokkur hundruð metra af nýju og ónotuðu timbri, er hann hafi átt. Þegar samið hafi verið við hlutafélagið á sínum tíma, hafi verið gert ráð fyrir því, að það sæi um að rífa pallana að verki loknu og flytja á brott efni, er það hefði lagt til smíðanna. Gerðarþoli kveður svo hafa um samist með sér og hlutafélaginu, er það hvarf frá verkinu, að hann eignaðist timbrið, en það losnaði undan þessari skyldu sinni, er hann hafi verið búinn að greiða því fyrir. Á þessum tíma hafi verið hægt að greina á milli þess timburs, er hann hafi átt, og þess, er það hafi átt, en nú sé slíkt ómögulegt,

enda hafi pallarnir verið rifnir og öllu timbrinu blandað saman. Gerðarþoli kveður verkfærin ekki vera í sínum vörslum og kveðst ekki minnast annars en þau hafi horfið, um leið og hlutafélagið hafi horfið frá verkinu. Hins vegar kannast hann við, að í húsi sínu sé rafstöð, er hann viti ekki, hver eigi. Hlutafélagið hafi á sínum tíma fengið rafvirkja til að tengja stöðina, og löngu eftir, að það var hætt störfum fyrir sig, hafi rafvirkinn kvartað um það við sig, að hann fengi ekki greitt fyrir vinnu sína. Gerðarþoli kveðst hafa greitt rafvirkjanum, enda hafi hann haldið því fram, að gerðarþoli ætti að greiða fyrir vinnuna. Gerðarþoli kveðst reiðubúinn að afhenda réttum eiganda stöðina gegn greiðslu á þessum reikningi rafvirkjans.

Niðurstaða.

Hér að framan hefur komið fram, að aðilar deila um eignarrétt að timbrinu. Gerðarbeiðandi hefur ekki lagt fram gögn, er sýni á ótvíræðan hátt, að hann sé eigandi þess. Af þessu leiðir, að ekki er unnt að taka kröfu hans til greina, sbr. 3. mgr. 83. gr. aðfararlaga.

Gegn neitun gerðarþola er ósannað, að hann hafi í vörslum sínum handverkfærin, og getur því ekki komið til þess, að heimilað verði að taka þau. Með framburði gerðarþola fyrir dómi er sannað, að rafmagnstafla og ljóskastari eru í vörslum hans. Hann hefur hins vegar neitað að afhenda þessi tæki nema gegn greiðslu reiknings, eins og rakið var. Gerðarþoli gæti þar af leiðandi átt haldsrétt í þessum tækjum, og þar eð ekki verður skorið úr um það í þessu máli, verður að hafna kröfu gerðarbeiðanda um, að heimilað verði að taka þau.

Samkvæmt framansögðu er öllum kröfum gerðarbeiðanda hafnað, en með hliðsjón af málavöxtum öllum þykir rétt að fella niður málskostnað.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu gerðarbeiðanda um, að hinir umkröfðu hlutir verði teknir úr vörslum gerðarþola.

Málskostnaður fellur niður.
